



Forsætisráðuneyti
Lækjargata
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 9. desember 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að atvinnustefnu Íslands, vaxtarplan til 2035

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að atvinnustefnu Íslands, vaxtarplan til 2025, mál s-226/2025, sem birt var í samráðsgátt 14. nóvember sl. Samtökin fagna meginmarkmiði stefnunnar um kröftugan vöxt útflutnings sem byggir á atvinnugreinum með háa framleiðni. Fjárfesting í nýsköpun er forsenda aukinnar verðmætasköpunar, framleiðni og fjölbreytni í útflutningi. SI taka í meginatriðum undir almennar og sértækar stefnuáherslur í atvinnustefnunni ásamt markmiðum og mælikvörðum sem verður horft til við eftirfylgni og mat á árangri stefnunnar.

Hér í framhaldi er að finna tillögur SI til aðgerða vegna sértækra stefnuáherslna.

Tillögur að aðgerðum til að efla vísindi og nýsköpun

1. Festa í sessi skattahvata vegna rannsókna og þróunar (R&Ð) í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Samtökin leggja áherslu á að skattahvatar vegna R&Ð, með vísan í lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, verði festir í sessi til lengri tíma og að tryggður verði fyrirsjáanleiki í framkvæmd kerfisins. Í því felst að haldið verði óbreyttu endurgreiðslupaki og óbreyttu hlutfalli, 25% fyrir stór fyrirtæki og 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þakið, sem var sett í lög árið 2020, samsvarar um 1.500 m.kr. á verðlagi dagsins í dag, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga samkvæmt verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands. Jafnframt þarf að tryggja að skilyrði skattahvatanna taki mið af breytilegum þróunartíma í ólíkum geirum, svo sem í lyfja-, líftækni-, djúptækni- og leikjaiðnaði, þar sem þróunarferli geta tekið áratugi.

2. Skýrari skilgreining á R&Ð og uppfærsla á skilgreiningu nýsköpunarfyrirtækja.

Samtökin telja jafnframt mikilvægt að skilgreina betur hvað teljist til rannsókna og þróunar, þannig að laga- og reglugerðarrámmi endurspegli raunveruleg nýsköpunarverkefni í hugverkaiðnaði. Uppfæra þarf skilgreiningar á R&Ð þannig að hugbúnaðarþróun og áframhaldandi þróun MVP-verkefna falli ótvírætt undir kerfið þegar unnið er að lausnum sem fela í sér tæknilega óvissu eða nýnæmi og eru skalanlegar á alþjóðamarkaði. Jafnframt er nauðsynlegt að skilgreining hugtaksins „nýsköpunarfyrirtæki“ taki skýrt mið af því að verkefni feli í sér skýrt nýnæmi, stuðli að verðmætasköpun og séu skalanleg og ætluð fyrir alþjóðlega markaði. Slíkt tryggir að stuðningskerfið nýtist þeim fyrirtækjum sem sannarlega starfa á grundvelli nýsköpunar og hugverka.

3. Aukin skilvirkni umsóknarferla Rannís og sjálfstæð áfrýjunarnefnd.

Bæta þarf framkvæmd Rannís og matsferla í R&Ð kerfinu. Nauðsynlegt er að fjölga sérfræðingum, þar á meðal sérfræðinga með sérþekkingu í hugbúnaði, líftækni og verkfræði,



tryggja styttri málsmeðferðartíma og auka gæði rökstuðnings og samskipta við umsækjendur. Að auki er brýnt að setja á laggirnar sjálfstæða áfrýjunarnefnd til að tryggja réttaröryggi og jafnræði í ákvarðanatöku.

4. Hvatar fyrir fjárfesta og lífeyrissjóði til fjárfestinga í nýsköpun.

- a. Einfalda þarf regluverk og fjarlægja skattalegar hindranir sem hamla erlendum sérfræðingum og stjórnarmönnum hlutdeild í vexti fyrirtækja. SI leggja til að skattareglur um kauprétti verði endurskoðaðar þannig að stjórnarmenn og sérfræðingar geti tekið þátt í kaupréttarkerfum án skerðandi séríslenskra takmarkana.
- b. Þörf er á því að lífeyrissjóðir taki virkari þátt í fjármögnun nýsköpunar enda gegna þeir lykilhlutverki í að byggja upp fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf. Með því að verja auknum hluta fjárfestinga í nýsköpunarsjóði og vaxtarfyrirtæki í hugverkaíðnaði geta lífeyrissjóðir stuðlað að aukinni verðmætasköpun, fjölgun háframleiðnistarfa og fjölbreyttari útflutningi. Fjárfestingar í nýsköpun eru jafnframt til þess fallnar að dreifa áhættu til lengri tíma, auka fjölbreytni í fjárfestingum sjóðanna og styrkja tekjugrundvöll framtíðarlífeyris. Mikilvægt er að sjóðirnir móti markvissa fjárfestingastefnu um þátttöku í íslensku nýsköpunarvistkerfi og nýti tækifærin sem skapast í hátæknigreinum þar sem vöxtur er hraðastur og ávinningur fyrir hagkerfið mestur.

5. Aðgengi að alþjóðlegu samstarfi og samkeppnissjóðum.

Auka þarf þátttöku Íslands í alþjóðlegu vísinda- og nýsköpunarsamstarfi, meðal annars með markvissari þátttöku í Evrópuverkefnum á borð við Horizon Europe, og styrkja hlutverk sendiráða og viðskiptaskrifstofa þannig að þau geti unnið sérstaklega með hugverkafyrirtækjum að sókn á erlenda markaði.

Jafnframt er mikilvægt að auka samkeppnishæfni tækni- og hugverkafyrirtækja með því að tryggja að skattfrádráttur vegna R&D snúi að verkefnum sem eru skalanleg fyrir alþjóðamarkaði. Til að slíkt geti orðið að veruleika þarf að efla stuðning við alþjóðlegar vottanir, regluverk og tæknistaðla sem eru forsenda fyrir markaðssetningu á alþjóðavísu, ekki síst í heilbrigðistækni, lyfjaþróun og djúptæknigreinum þar sem regluverkskröfur eru umfangsmiklar og kostnaðarsamar. Breytingar sem liðka fyrir erlendum fjárfestingum í nýsköpun, þar á meðal einföldun á skattaumgjörð erlendra fjárfesta, eru jafnframt jákvætt skref sem styrkir umgjörð fjármögnunar sprotafyrirtækja og eykur aðgang þeirra að erlendu fjármagni og þekkingu.

6. Heimild til að nýta rekstrartap til frádráttar framtíðartekjum.

Samtökin fagna því að til standi að afnema tíu ára tímamörk á því hvenær megi nýta rekstrartap til frádráttar framtíðartekjum og hvetja stjórnvöld og Alþingi til að koma þessari breytingu í gegn. Fyrirtæki í flóknum rannsóknum og þróun eru oft í mörg ár og jafnvel áratugi að vinna að sínum lausnum áður en nokkrar tekjur verða af starfseminni. Þetta á sérstaklega við um fyrirtæki í djúptækni, lyfja- og líftækni og leikjaiðnaði. Með breytingunni fá þau raunhæfan möguleika á að draga tapið frá tekjum þegar starfsemin fer að bera ávöxt, sem styrkir lausafjárstöðu þeirra, dregur úr fjárhagslegri áhættu og gerir fjárfestingu í nýsköpunarverkefnum aðlaðandi fyrir frumkvöðla og fjárfesta. Samtökin hafa lengi vakið athygli stjórnvalda á því að tíu ára fyrning á yfirfæranlegu tapi sé hamlandi og ekki í samræmi við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum Íslands. Því hvetja samtökin Alþingi til þess að tryggja að þessi mikilvæga breyting nái í gegn. Samtökin vilja þó vekja athygli á því að ákvæðið takmarkar ávinning fyrir þau nýsköpunar- og vaxtarfyrirtæki sem þegar hafa lagt út í



kostnað og myndað rekstrartap fyrir árið 2026 og hvetja stjórnvöld til að endurskoða bráðabirgðaákvæði til að tryggja jafnræði á milli allra fyrirtækja.

7. *Afnám skattskyldu vegna söluhagnaðar erlendra fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum.*

Samtökin telja mikilvægt að fella brott skattskyldu vegna söluhagnaðar erlendra aðila við fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum, enda eykur slík breyting fyrirsjáanleika, styrkir fjárfestingaumhverfið og hvetur erlenda fjárfesta til að koma að íslenskum hugverka- og tæknifyrirtækjum. Erlendir fjárfestar koma jafnframt inn með sérþekkingu, alþjóðlegt tengslanet og reynslu sem er ómetanleg þegar fyrirtæki stíga sín fyrstu skref á erlendum mörkuðum. Þá þurfa stjórnvöld að styrkja tengsl við alþjóðlega fjárfesta, styðja við alþjóðasamstarf og tryggja að skattaleg og regluverksleg umgjörð dragi ekki úr hvata til fjárfestinga. Með því að byggja upp stöðugri hvata, efla R&D stuðning og bæta aðgengi að erlendu fjármagni skapast skilyrði fyrir íslensk fyrirtæki til að ná fótfestu á alþjóðamörkuðum og hraða útflutningsvexti.

8. *Skattafrádráttur einstaklinga vegna hlutabréfakaupa í sprotafyrirtækjum.*

Brýnt er að efla aðgengir að eiginfjárfjármögnun með markvissum skattahvötum. Framlengja þarf gildistíma skattafrádráttar einstaklinga vegna hlutabréfakaupa í sprotafyrirtækjum til lengri tíma, að lágmarki tíu ára, til að tryggja fyrirsjáanleika fyrir frumkvöðla og svonefnda englafjárfesta sem gegna lykilhlutverki á fyrstu stigum verkefna. Um er að ræða 257. mál á núverandi löggjafarþingi og mikilvægt að það nái fram að ganga.

9. *Uppfærsla á lögbundnum stærðarviðmiðum fyrir skilgreiningu á sprotafyrirtækjum.*

Samtökin leggja til að miðað verði við að sprotafyrirtæki hafi allt að 50 starfsmenn og árlega veltu undir einum milljarði króna, í samræmi við viðmið í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og það sem gengur og gerist á Norðurlöndunum.

10. *Skráning á grunnskrá virðisaukaskatts fyrir sprotafyrirtæki.*

Uppfæra þarf reglugerð nr. 515/1996 þannig að sprotafyrirtæki geti fengið skráningu á virðisaukaskattsgrunnskrá án þess að þeim sé gert að fjárfesta í varanlegum rekstrarfjármunum á fyrstu stigum. Hægt væri að skoða m.a. möguleikann á að styðjast við staðfestingu Rannís sem sönnun þess að um sé að ræða raunverulegt rannsóknar- og þróunarstarf. Þá er jafnframt brýnt að framlengja heimildir til skráningar á VSK-grunnskrá úr núverandi takmörkunum í allt að 20 ár, enda eru mörg R&D verkefni – sérstaklega í lyfja-, líftækni- og djúptæknigeirum – háð löngum þróunarferlum.

11. *„Fyrirtæki í fjárhagsvanda.“*

Afnema þarf óraunhæfar fjárhagskröfur sem hindra sprotafyrirtæki í að nýta lögbundinn stuðning. Sérstaklega á þetta við um ákvæði reglugerðar með lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem kveða á um að umsækjandi megi ekki teljast í „fjárhagsvanda“ á umsóknardegi, sem er ósamrýmanlegt eðli sprota sem eru oft í mikilli fjárfestingu og þróun áður en tekjur skapast. Slíkt ákvæði þarf að taka út eða skýra verulega til að tryggja að stuðningskerfið virki eins og til er ætlast.

12. *Einfalda umsóknarferli og samræma tímafleti.*

Eðlilegt er að fresta umsóknarfesti um samþykki R&D til næsta almanaksárs í stað þess að setja hann 1. október, sem skapar ónauðsynlegan þrýsting og kemur sér illa fyrir greinar með langan þróunartíma. Þá þarf að draga úr óþarfa skrifinnsku, meðal annars með því að hætta



þeirri framkvæmd að framlengingarumsóknir um sömu verkefni séu teknar fyrir frá grunni í hvert sinn.

13. Kaupréttir til stjórnarmanna í nýsköpunarfyrirtækjum.

Að lokum leggja samtökin til að 79. gr. a. hlutafélagalaga verði endurskoðuð með það að markmiði að fella brott almennt bann við kaupréttum til stjórnarmanna. Í stað slíkra takmarkana er eðlilegt að setja skýrar kröfur um gagnsæi, góða stjórnarhætti og umgjörð starfskjara, líkt og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Slíkt myndi auka sveigjanleika, styrkja hvata og gera íslensk fyrirtæki betur í stakk búin til að laða að reynslumikla stjórnarmenn með alþjóðlega þekkingu og tengslanet.

Tillögur að aðgerðum til að tryggja færni til framtíðar

Samtökin hafa um árábil bent á að á vinnumarkaði er færnibil (e. skills gap) sem m.a. lýsir sér í því að það vantar annars vegar fleiri sérfræðinga með bakgrunn í raunvísindum, tæknigreinum, verkfræði, listgreinum og stærðfræði (sk. STEAM greinar, Science, Technology, Engineering, Arts, Mathematics) og hins vegar fleiri iðnmenntaða á vinnumarkað. Til að bregðast við þessu þurfa stjórnvöld að vinna að því að fleiri einstaklingar sækji nám í fyrrnefndum greinum en því til viðbótar þarf að hvetja til þess að fólk með slíka menntun komi til landsins til að starfa. Með hliðsjón af þessu leggja samtökin áherslu á að menntamál verði í lykilhlutverki í atvinnustefnu. Til að mæta hröðum breytingum í tækni og vaxandi mikilvægi hugverkadrifins atvinnulífs þarf menntakerfið að tryggja að nemendur búi yfir þeirri sérhæfðu þekkingu sem framtíðin krefst. Jafnframt þarf stefnumótun að byggjast á traustum gögnum og skýrum gæðavísum sem gera stjórnvöldum, skólum og hagsmunaaðilum kleift að taka upplýstar ákvarðanir og vinna markvisst að umbótum.

14. Efla þarf menntun í STEAM-greinum með eftirfarandi aðgerðum:

- a) *Öflugri grunnur í raungreinum og nýsköpun:* Brýnt er að efla kennslu í forritun, stærðfræði og raungreinum á grunnskólastigi. Með markvissri innleiðingu menntatækni og kennsluhátta sem stuðla að virkri þátttöku og inngildingu allra nemenda má byggja upp traustan þekkingargrunn.
- b) *Samfella í námi og skýrari námsleiðir:* Tryggja þarf samfellda færniþróun milli skólastiga með því að ljúka yfirfærslu námsefnis í kjölfar styttingar framhaldsskóla. Slík samfella og skýrari námskröfur skapa traustari grunn í stærðfræði og raungreinum og stuðla að bættum gæðum náms á náttúru- og tæknibrautum. Þetta eykur líkur á því að nemendur velji nám í STEAM-greinum á framhalds- og háskólastigi og útskrifist með þá þekkingu og færni sem atvinnulífið kallar eftir.
- c) *Stuðningur við nemendur og aukin þátttaka:* Veita þarf markvissan stuðning í framhaldsskólum og háskólum til að draga úr brotthvarfi og hvetja fleiri til að ljúka námi í krefjandi greinum. Sérstök áhersla verði lögð á að kynna tækifæri í STEAM fyrir ungt fólk og styðja við val þeirra.
- d) *Fleiri og sveigjanlegri námsleiðir fyrir framtíðina:* Þróa þarf nýjar námsleiðir í sí- og endurmenntun sem mæta þörfum þeirra sem vilja efla eða endurmeta færni sína. Einnig þarf að efla hagnýtingu náms á háskólastigi og tengja það skýrar við þarfir atvinnulífsins, sérstaklega í hugverkaiðnaði.



15. Aukið samstarf atvinnulífs og menntakerfis vegna starfsnáms og rannsóknarstarfs.

Mikilvægt er að efla tengsl menntakerfis og atvinnulífs á öllum skólastigum, m.a. með öflugum starfsnámi, starfsþjálfun og hagnýtum rannsóknum í samstarfi skóla og fyrirtækja. Rannsóknatengt nám og samstarfsverkefni með atvinnulífinu þurfa að njóta sambærilegs stuðnings og hefðbundnar háskólarannsóknir.

Sérstök áhersla ætti að vera á að efla starfsnám og vettvangstengda þjálfun á háskólastigi, bæði innan rannsókna og nýsköpunar og í samvinnu við fyrirtæki í hugverkaiðnaði. Slík nálgun stuðlar að því að útskrifaðir nemendur hafi hagnýta reynslu og séu betur undirbúnir fyrir verkefni atvinnulífsins. Forritari sem hefur lokið starfsþjálfun í raunverulegu starfsumhverfi er verðmætari starfskraftur en sá sem hefur eingöngu bóklega menntun. Til að tryggja að íslenskt háskólastig standi jafnfætis við það sem best gerist í Evrópu, þarf að efla samstarf við atvinnulíf og innleiða viðmið sem styðja við samkeppnishæfni Íslands á sviði rannsókna, nýsköpunar og tækniþróunar.

16. Innleiða þarf stefnu um menntatæknilausnir og notkun þeirra í skólum landsins.

Innleiðing menntatækni í grunnskólum er lykilforsenda þess að gera nám fjölbreytt, inngildandi og framtíðarmiðað. Setja þarf stefnu um innleiðingu menntatæknilausna en samkeppni milli landa um áhrif, lausnir og þekkingu í menntatækni er að aukast og á Ísland að vera þátttakandi í þeirri þróun, ekki bara sem notandi heldur líka sem framleiðandi.

Íslenskt skólakerfi stendur frammi fyrir sífellt flóknari áskorunum. Starfsfólki í skólum hefur fjölgað mun hraðar en nemendum, sem bendir til aukinnar þarfar fyrir stuðning og sértækar lausnir. Á sama tíma hafa kennsluhópar orðið fjölbreyttari; í einstökum bekkjum má finna allt að 17 móðurmál¹. Þetta kallar á kennsluhætti og námsgögn sem geta mætt ólíkum þörfum án þess að fjölga þurfi stöðugildum um of. Skólar þurfa að efla gagnaöflun og setja samræmda mælikvarða. Menntatæknilausnir sýna framvindu, þátttöku og árangur í rauntíma sem gerir kennurum og stjórnendum kleift að bregðast fyrir við og forgangsraða stuðningi.

17. Ráðast þarf í markvissar aðgerðir til að efla iðn- og verknám um allt land með eftirfarandi aðgerðum:

- a) *Aukið fjármagn og fjölgun nemenda:* Fjölga þarf nemendaígildum í verknámsskólum til að mæta fjölgun landsmanna og aukinni eftirspurn eftir fagmenntuðu starfsfólki. Einnig þarf að tryggja aukið fjármagn til tækjakaupa og búnaðar í verknám, sem er forsenda gæðamenntunar í takt við þarfir atvinnulífsins.
- b) *Styrking innviða og aðgengi að verknámi á landsbyggðinni:* Stækka þarf húsnæði verknámsskóla og koma á samstarfi við bóknámsskóla á landsbyggðinni um að bjóða iðnnám í heimabyggð. Iðnnám á að vera raunhæfur valkostur í öllum framhaldsskólum á landsbyggðinni, með nánu samstarfi við fyrirtæki á svæðinu. Slíkt stuðlar að fjölbreyttari námsleiðum, eflir tengsl við atvinnulíf og styrkir landsbyggð.
- c) *Fleiri sveigjanlegar námsleiðir fyrir fjölbreyttan hóp nemenda:* Þróa þarf sveigjanlegar námsleiðir fyrir eldri nemendur og þá sem vilja ljúka námi með öðrum hætti, til dæmis með kvöldskóla, fjarnámi eða lotubundnu námi. Jafnframt þarf að útskrifa nemendur á iðnnámsbrautum með formlegt framhaldsskólapróf (90–180 einingar) í bóklegum þáttum, í löggiltum greinum, eins og gert hefur verið allt til ársins 2024.

¹ https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/12/09/einn_grunnskolabekkur_sautjan_modurmál/



- d) *Bætt tenging iðnmenntunar við framhaldsskóla og háskóla:* Viðurkenna þarf meistarabréf sem leyfi til að kenna verklegar greinar í framhaldsskólum og stuðla að fjölgun leiða sem tengja saman iðnnám og háskólanám, meðal annars með viðurkenningu meistaranáms sem hluta af akademískri menntun.
- e) *Tækni sem tengir atvinnulíf, skóla og nemendur:* Nýta þarf betur Nemastofu sem vettvang til að byggja brú milli atvinnulífs, skóla og nemenda. Slík lausn getur stutt við starfsþjálfun, tryggt upplýsingaflæði og aukið gagnsæi í samstarfi menntakerfis og fyrirtækja.

18. Auka þarf aðgengi að erlendum sérfræðingum

Mannauður er helsta auðlind hugverkaiðnaðar og eftirspurn hér á landi eftir sérfræðiþekkingu er langt umfram innlent framboð. Hörð samkeppni er um hæft starfsfólk með sérfræðiþekkingu í hinum ýmsu greinum hugverkaiðnaðar á alþjóðavísu. Því skiptir sköpum að umsóknarferli sé skilvirkt og fyrirsjáanlegt en hér á landi hefur sú staða komið upp að fyrirtæki og starfsfólk sem það hyggst ráða bíður í von og óvon í marga mánuði um hvort dvalar- og atvinnuleyfi verði samþykkt. Reglur sem takmarka aðgengi að sérfræðingum eða skapa óvissu veikja stöðu Íslands sem ákjósanlegs áfangastaðar til búsetu og starfa. Samtökin fagna drögum að frumvarpi um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, mál 220/2025 á samráðsgátt, og telja mikilvægt að það nái fram að ganga. Drögin fela í sér einföldun ferla og samþættingu dvalar- og atvinnuleyfa undir Útlendingastofnun. Samtökin leggja áherslu á að kerfi fyrir útgáfu dvalarleyfa á grundvelli sérfræðiþekkingar sé skilvirkt, gagnsætt og tryggi atvinnulífinu aðgang að þeirri sérhæfðu þekkingu og hæfni sem ekki er fyrir hendi á innlendum vinnumarkaði. Þetta er lykilatriði fyrir samkeppnishæfni Íslands og þróun nýsköpunar og hátæknigreina.

Tillögur til einföldunar regluverks

Skilvirkt starfsumhverfi, þar sem regluverk er einfalt, skýrt og fyrirsjáanlegt, er lykilforsenda þess að iðnaður dafni hérlandis og samkeppnishæfni Íslands aukist. Samtökin fagna stefnuáherslu um einföldun regluverks og vilja koma á framfæri eftirfarandi tillögum.

Regluverk

19. Hætta gullhúðun EES regluverks, nýta heimildir til undanþága og auka upplýsingagjöf til atvinnulífs vegna upptöku og innleiðingu gerða.

Gullhúðun evrópuregluverks við innleiðingu í íslenskan rétt er kostnaðarsöm fyrir íslenskt samfélag, fyrir almenning, fyrirtæki og hið opinbera. Auknar kröfur til innlendra fyrirtækja fela óhjákvæmilega í sér aukinn kostnað og hafa áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja. Vitundarvakning hefur átt sér stað um áhrif gullhúðunar en mikilvægt er fyrir stjórnvöld að ráðast í afhúðun regluverks samhliða því að sporna gegn gullhúðun við innleiðingu. Starfshópur um aðgerðir gegn gullhúðun EES-reglna gaf út skýrslu í maí 2024 en þar er að finna tillögur um aðgerðir sem mikilvægt er að stjórnvöld tileinki sér og þörf er á eftirfylgni. Þá hefur Evrópusambandið lagt áherslu á einföldun ýmiskonar regluverks síðast liðið ár og þurfa íslensk stjórnvöld að fylgjast grannt með þróun þess og ráðast í einföldun sé þess kostur. Þar að auki ber að vera vakandi fyrir heimildum til undanþága og sérákvæðum varðandi smærri fyrirtæki og rekstur þar sem að meirihluti íslenskra fyrirtækja fellur undir skilgreiningu á ör- og smáfyrirtækjum. Vegna þessa getur innleiðing á almennum kröfum regluverks talist til gullhúðunar sé ekki tekið tillit til raunaðstæðna og starfsumhverfisins hér á landi og möguleikar á aðlögun og/eða undanþágum ekki nýttir. Þá getur tímasetning rýnis á upptöku og innleiðingu



skipt sköpum fyrir íslensk fyrirtæki og mikilvægt að stjórnvöld viðhaldi samráði og veiti greinargóðar upplýsingar um forgangsörðun og tímaáætlanir til atvinnulífs.

20. Fullnægjandi áhrifamat ófrávíkjanlegt skilyrði við setningu nýs eða breytts regluverks.

Tíðni nýrra og breyttra reglna sem oft á tíðum hafa töluverð áhrif á starfsskilyrði og jafnvel rekstrargrundvöll fyrirtækja getur reynst þeim áskorun. Því er grundvallaratriði að vandað sé til verka við lagasetningu og ný lög verði ekki sett, eða þeim breytt, nema fyrir liggi vandað og ígrundað áhrifamat. Þrátt fyrir að gerður sé áskilnaður um áhrifamat út frá ýmsum þáttum við setningu laga hefur skort verulega á fullnægjandi áhrifamat lagasetningar, þar á meðal áhrifa á starfsskilyrði og samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu. Ætíð ríkisstjórnin sér að ná fram markmiðum sínum um aukinn hagvöxt og verðmætasköpun er grundvallaratriði að skapa stöðugleika og fyrirsjáanlegt lagaumhverfi svo byggja megi á langtímahugsun, sem laðar að fjárfestingu og framþróun.

21. Persónuverndarlöggjöf og GDPR.

Við innleiðingu evrópsku persónuverndarreglugerðarinnar (GDPR) hefur verið gengið lengra í strangri túlkun reglugerðarinnar en þörf var á, sér í lagi, vegna notkunar grunnskóla á menntatæknilausnum. Mikilvægt er að horft sé til 89. gr. GDPR sem heimilar ríkjum að setja reglur sem veita aukið svigrúm fyrir vísindarannsóknir, tölfræðivinnslu og nýsköpun í almannapágu. Þá er mikilvægt að stjórnvöld fylgist grannt með þróun einföldunar GDPR sem á sér stað um þessar mundir innan ESB.

Eftirlit

22. Framkvæmd opinbers eftirlits eigi sér lagastoð þar sem meðalhófs og samræmis sé gætt.

Framkvæmd eftirlits hefur mikil áhrif á starfsemi atvinnulífs. Stjórnvöld þurfa að huga að framkvæmd eftirlits, þ.e. lögmæti þess, meðalhófi og samræmis til þess að sporna gegn geðþóttaákvörðunum. Ófyrirsjáanleiki í framkvæmd leiðir af sér aukinn kostnað, fælir erlenda fjárfestingu og skerðir samkeppnishæfni fyrirtækja. Þrátt fyrir gjöful markmið eftirlitskerfa geta þau reynst dýrkeypt ef þau ekki virka sem skyldi og valda hindrunum.

Nærtækasta dæmið um ófyrirsjáanleika í framkvæmd án formlegra lagabreytinga er skattaframkvæmd gagnvart þjónustu gagnavera og innfluttum búnaði erlendra viðskiptavina. Í kjölfar úrskurðar yfirséðar nefndar í máli 39/2023 hafa margir erlendir viðskiptavinir dregið verulega úr starfsemi sinni hérlandis og fært viðskipti sín annað með tilheyrandi gjaldeyrstapi. Nýlegt dómafordæmi hefur þó skýrt réttarstöðu erlendra viðskiptavina gagnavera. SI telja það ótækt að fyrirtæki þurfi að reiða sig á dómstóla þegar stjórnsýsluframkvæmd er breytt verulega án lagabreytingar né fullnægjandi rökstuðnings án afleiðinga.

23. Reglulegt endurmat á eftirlitsreglum og setning ráðgjafanefndar um opinberar eftirlitsreglur í samræmi við lög.

Löggjöf um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999 gera ráð fyrir að eftirlitsreglur eigi að hafa takmarkaðan gildistíma og tryggja þurfi reglulega endurskoðun þeirra. Ákvæðum þessara laga hefur ekki verið framfylgt og skortur er á yfirsýn og framfylgd. Ekki er uppfyllt sú grunnforsenda laganna að birta eigi tæmandi skrá yfir þær eftirlitsreglur sem stjórnvöld setja og hún skuli vera aðgengileg almenningi. Ennfremur kveður sama löggjöf á um að ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur skuli vera skipuð af forsætisráðherra, sbr. reglugerð um eftirlitsreglur hins



opinbera, nr. 812/1999. Nefndin hefur ekki verið skipuð um árábil, þrátt fyrir lagaskyldu, en henni er ætlað að greina og meta virkni eftirlitsreglna og eftirlitsaðila á vegum hins opinbera og vera til ráðgjafar um nauðsynlegar úrbætur. Því fara samtökin fram á að farið verði að lögum og þar til gerð nefnd skipuð sem er falið það hlutverk að meta eftirlitskerfi út frá virkni og þörf að teknu tilliti til verndarhagsmuna.

24. Heilbrigðiseftirlitsumdæmi verði sameinuð í eina stofnun.

Samtökin fagna fyrirhuguðum breytingum sem kynntar voru á samráðsgátt stjórnvalda, mál 160/2025, sem gera ráð fyrir að ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum verði fært frá heilbrigðiseftirliti til Umhverfis- og orkustofnunar og ábyrgð á eftirliti með matvælum færast frá heilbrigðiseftirliti til Matvælastofnunar. Leggja samtökin þar áherslu markvisst áhættumat og að skipulag eftirlits grundvallist í því.²

Mikilvægt er að nýju eftirliti verði falið eftirfylgni við ákvæði laga um tilskyldar fagkröfur við útgáfu leyfissskyldrar starfsemi og að gætt verði að því í hvívetna að fyrirsvarsmaður rekstursins hafi til þess menntun og hæfni í samræmi við lagakröfur.

25. Færa þarf eftirlit með löggiltum iðngreinum frá lögreglu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir mannvirkjagreinar og til Heilbrigðiseftirlits fyrir þjónustu- og handverksgreinar.

SI hafa um árábil gagnrýnt skort á eftirliti með ólögmætri starfsemi í löggiltum iðngreinum. Afleiðingarnar hafa ýmsar birtingarmyndir svo sem í gallamálum, heilsufarsskaða og alvarlegustu dæmin eru misneyting á starfsfólki þar sem grunur leikur á alvarlegum brotum á hegningarlögum. Löggiltar iðngreinar njóta lögverndunar þar sem þær krefjast sérfræðipekkingar og reynslu hvort sem litið er til öryggissjónarmiða, heilsufarsþátta og/eða gæða og endingar. Neytendur leita ítrekað til fagfélaga innan samtakanna vegna skaða og tjóna sem þeir hafa orðið fyrir þegar ófaglærðir veita þjónustu sem þeir hafa ekki tilskilda þekkingu og/eða reynslu til að veita. Eftirlit með löggiltum iðngreinum er nú hjá lögreglunni sem hefur ekki annað lögbundnu hlutverki sínu. Samtökin telja fulla ástæðu til að endurskoða að fela öðrum stofnunum þetta hlutverk, t.d. Neytendastofu, Heilbrigðiseftirlitinu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og veita þeim beinar sektarheimildir þannig að bregðast megi skjótt við þegar ófaglærðir ganga inn á verkþætti löggiltra iðngreina með tilliti til öryggis- og neytendasjónarmiða. Slík yfirfærsla krefst breytingar á lögum um handiðnað, reglugerðar um löggiltar iðngreinar ásamt aðkomu og eftirfylgni ráðuneyta.

26. Settur eftirlitsaðili með framfylgni laga um opinber innkaup

Enginn eiginlegur aðili fer með eftirlit með framfylgni laga um opinber innkaup. Tryggja þarf að innan stjórnkerfisins sé aðili til þess bær að hafa eftirlit með opinberum kaupendum, líkt og gildir hjá nágrannaríkjum. Í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku hefur samkeppniseftirlitinu verið falið sérstakt hlutverk í tengslum við framkvæmd opinberra innkaupa.

Tillögur til aðgerða til að auka aðgengi að erlendum mörkuðum

27. Auka hagsmunagæslu Íslands á alþjóðavettvangi.

Setja þarf hagsmunagæslu Íslands á alþjóðavettvangi og þá sérstaklega hvað varðar aðgengi útflutnings að erlendum mörkuðum í algjöran forgang. Breytt heimsmynd og auknar tollahindranir kalla á það. Aðild Íslands að EFTA er lykilatriði í því sambandi en í gegnum EFTA

² <https://samradapi.island.is/api/Documents/31ee7ccf-7295-f011-9bcf-005056bcce7e>



hafa íslensk útflutningsfyrirtæki aðgang að mörkuðum yfir 40 landa í öllum heimsálfum. Nýlegar verndarráðstafanir ESB á kísiljárn voru vonbrigði og tryggja þarf að þær verði ekki fordæmisgefandi gagnvart öðrum útflutningsvörum. Það verður einungis gert með tryggri hagsmunagæslu gagnvart EES samningnum, sem er mikilvægasti viðskiptasamningur Íslands og hefur hingað til tryggt aðgang að innri markaði Evrópu.

Tollahækkanir Bandaríkjanna á íslenskar útflutningsvörur kalla á mikla hagsmunagæslu og skoða ætti að efla sendiráð Íslands í Bandaríkjunum til þess að gæta hagsmuna Íslands á þeim markaði. SI telja mikilvægt að stjórnvöld skoði að skipa sérstaka samninganefnd um viðskiptasamning á milli Íslands og Bandaríkjanna.

Horfa þarf til þess hvernig viðskiptahagsmunir þróast, ekki einungis til þess hvernig þeir eru í dag. Má þar nefna að með vexti atvinnugreina breytist samsetning útflutnings.

Tillögur að aðgerðum til að styðja við útflutningsvöxt hugverkaiðnaðar

Til að styðja við útflutningsvöxt hugverkaiðnaðar er brýnt að tryggja fyrirsjáanlegt og samkeppnishæft umhverfi fyrir tækniþróun og nýsköpun. Stjórnvöld ættu að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun með öflugum samkeppnissjóðum og stöðugum skattaívilnunum vegna R&D og hugbúnaðarframleiðslu, til að tryggja að íslensk fyrirtæki standi jafnfætis samkeppnislöndum. Jafnframt þarf að einfalda reglur um stofnun og fjármögnun hugverkafyrirtækja, meðal annars um hlutafjárukningar, kauprétti starfsmanna og meðferð tekna af hlutabréfum og hugverkum, svo vaxtarfyrirtæki geti byggt upp sterk teymi og haldið í lykilstarfsfólk.

Mikilvægt er að byggja markvisst upp hæfni og sérfræðipækkingu sem hugverkaiðnaðurinn krefst. Fjölga þarf námsleiðum í hugbúnaðarþróun, gervigreind, gagnavísindum, verkfræði og skapandi tækni, efla samstarf háskóla og fyrirtækja og einfalda komu erlendra sérfræðinga. Einnig verða stafrænir innviðir – háhraðanettenging, gagnainnviðir, netöryggi og aðgengi að samkeppnishæfu orkuverði – að vera í hæsta gæðaflokki. Loks ættu stjórnvöld að efla útflutningsaðstoð og alþjóðavæðingu hugverkafyrirtækja með sérhæfðri ráðgjöf, styrkjum til þátttöku í alþjóðlegum viðburðum og öflugri hagsmunagæslu um stafræna þjónustu og höfundarrétt. Með þessum samstilltu aðgerðum skapast raunhæfar forsendur fyrir hraðan og sjálfbæran útflutningsvöxt hugverkaiðnaðar á Íslandi.

28. Auka þarf áreiðanleika gagna, tímanlega birtingu og greinargóða framsetningu.

Samtökin hafa um árábil bent á mikilvægi þess að opinber gögn séu áreiðanleg og birt tímanlega. Opinber gögn eru grundvöllur í ákvörðunartöku í hagstjórn og stjórnun fyrirtækja svo eitthvað sé nefnt. Ítrekað hefur komið upp að mikilvæg opinber gögn eru ekki til, skila sér seint eða eru röng. Miklar leiðréttingar eiga sér oft stað aftur í tímann á þessum gögnum sem dregur úr trúverðugleika og fyrirsjáanleika. Oft nær leiðréttingin yfir misseri og ár. Samtökin leggja áherslu á að úr þessu verði bætt þannig að opinber gögn geti betur stutt við og skapað grundvöll fyrir upplýstar ákvarðanir í hagstjórn og starfsemi fyrirtækja. Þá benda samtökin á mikilvægi þess að slík gögn séu aðgengileg og sett fram á auðskiljanlegan hátt samfélaginu til heilla.



Tækni og hugverkaiðnaður hefur vaxið hratt síðustu ár og er nú orðin fjórða stoð útflutnings í íslensku hagkerfi. Hagtölur greinarinnar hafa verið í þróun hjá Hagstofu Íslands í samstarfi við SI. Felur það í sér afmörkun á tækni- og hugverkaiðnaði en það ríkir sameiginlegur skilningur Hagstofu og SI um það hvaða starfsemi telst til tækni- og hugverkaiðnaðar. Helstu lykiltölur hugverkaiðnaðar hafa um nokkurt skeið verið aðgengilegar á vef Hagstofunnar en það eru upplýsingar um fjölda starfandi í greininni, veltutölur auk upplýsinga um útflutning fyrirtækja í hugverkaiðnaði.

Þessar upplýsingar þarf að gera aðgengilegri fyrir almenning, greinendur, fjölmiðla og hagsmunaaðila. Einnig þarf að bæta við fleiri hagvísum greinarinna, sem lýsa umfangi og þróun greinarinnar og að hagvísar tækni- og hugverkaiðnaðar verði birtir sérstaklega og reglulega. Þessu sambandi má vísa til þess hvernig Hagstofan birtir hagtölur sjávarútvegs og ferðaþjónustu en þeim greinum eru gerð góð skil í opinberum tölum stofnunarinnar. Er því ólíkt farið með tækni- og hugverkaiðnað þar sem enn vantar talsvert upp á að hagtölur greinarinnar á vef Hagstofunnar séu nægjanlega sýnilegar, umfangsmiklar og aðgengilegar. Með skýrari og betri upplýsingagjöf Hagstofunnar um umfang og þróun hugverkaiðnaðar er lagður grunnur að upplýstari og þar með betri umræðu um hugverkaiðnaðinn sem aftur mun leiða til bættrar ákvörðunartöku um þætti sem ákvarða þróun greinarinnar og í leiðinni hagkerfisins alls til framtíðar. Hagstofan þarf að setja upp síðu með skammtíma og langtíma hagvísum tækni- og hugverkaiðnaðar sem er reglulega uppfærð og birt frétt um á vef Hagstofunnar með svipuðum hætti og gert er fyrir ferðaþjónustuna.

Tillögur til aðgerða til að styðja við framleiðnivöxt, aukið áfallapol og minni losun í orkusæknum iðnaði

29. Auka þarf framboð raforku og tryggja hagkvæmt raforkuverð.

Stærsti einstakikostnaðarliður ál- og kísilvera er raforkukostnaður. Samkvæmt nýlegri greiningu Raforkueftirlitsins hefur raforkukostnaður dæmigerðs álvers hækkað um 25% í USD á föstu verðlagi milli 2020–2025. Á breytilegu verðlagi hefur raforkukostnaður dæmigerðs álvers hækkað um 54% í USD yfir sama tímabil. Tapaðar útflutningstekjur vegna skerðinga á afhendingu raforku til stórnotenda á fyrri hluta síðasta árs námu 14-17 milljörðum með tilheyrandi áhrifum á framleiðnivöxt. Rétt er að taka fram að álver geta orðið fyrir alþjóni ef þau verða fyrirvaralaust án raforku lengur en örfáar klukkustundir. Nægt framboð raforku á hagkvæmu verði er því grundvallaratriði til að styðja við framleiðnivöxt og aukið áfallapol.

Leita þarf allra leiða til að auka framboð raforku og einfalda það regluverk sem gildir um ákvarðanatöku, leyfisveitingaferli og framkvæmdir virkjanakosta. Samtökin styðja frumvarp umhverfis, orku- og loftlagsráðherra um stefnu um öflun raforku og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulögum sem miða að því að einfalda lög um verndar- og orkunýtingaráætlun og tryggja samræmi milli verndar- og orkunýtingaráætlunar og yfirlýstrar stefnu stjórnvalda um aukna orkuöflun.

30. Tryggja þarf samkeppnishæfan flutningskostnað raforku.

Samtökin hvetja stjórnvöld til að greina gjaldskrá Landsnets og grundvöll tekjumarka Landsnets samkvæmt raforkulögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra með það fyrir augum að lækka flutningskostnað raforku. Samtökin hafa áhyggjur af því hvaða kostnaði vegna uppbyggingar flutningskerfisins verður velt út í gjaldskrá.



31. Stuðningur við þróun og innleiðingu tæknilausna sem fanga losun eða stuðla að minni útblæstri.

Hægt er að draga úr losun frá málmframleiðslu með notkun kolefnislausra rafskauta eða með föngun og varanlegri bindingu koltvísýrings úr útblæstri. Þó er enn langt í land þar til sú tækni hefur verið fullþróuð. Brýnt er að hraða þróun slíkrar tækni en stuðningur við þróun og innleiðingu tæknilausna kemur okkur fyrr á áfangastað. Ál- og kísilver eru undir viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir (ETS-kerfið) og hafa samtökin hafa kallað eftir því að tekjum ríkisins af kerfinu verði varið í þágu slíkra lausna. Slík ráðstöfun er í samræmi við ETS2-tilskipunina nr. 2023/959 þar sem aðildarríkjunum er gert skylt að verja hluta teknanna vegna kerfisins til stuðnings aðgerða í þágu loftlagsmála, m.a. föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu.

Fyrirtækin hafa fram til þessa fengið úthlutað endurgjaldslausum losunarheimildum upp að ákveðnu marki en útfösun þeirra mun hefjast samhliða gildistöku reglugerðar ESB um kolefnisjöfnunargjald (CBAM) sem mun leiða til verulegs kostnaðarauka fyrir fyrirtækin. Samtökin hafa skilað umsögnum til framkvæmdastjórnar ESB í tengslum við CBAM og ETS-kerfið og kallað eftir frestun útfösunar endurgjaldslausra losunarheimilda. Er þróun tækni sem stuðlar að minni losun einnig brýn m.t.t. framangreinds kostnaðar.

Tillögur til aðgerða til að styðja við útflutningsvöxt gagnaversiðnaðar og iðngarða

SI vísa í umsögn DCI, samtaka gagnavera og félagsmanna í gagnaversiðnaði, sem starfsgreinahópur innan raða SI, hvað þetta varðar.

Tillögur að aðgerðum til að styðja við útflutningsvöxt skapandi greina með háa framleiðni

32. Skilvirkt, fyrirsjáanlegt og fjármagnað hvatakerfi kvikmyndaframleiðslu.

Á síðustu árum hefur íslenskur kvikmyndaiðnaður vaxið verulega að umfangi og kallar greinin á frekari fjárfestingu til að auka umsvif og útflutning. Það rímar vel við áherslur greinarinnar að stjórnvöld hyggist tryggja fyrirsjáanleika fjárfestinga. Íslenskir kvikmyndaframleiðendur hafa bent á mikilvægi þess að áætluð fjárhæð til endurgreiðslna verði hækkuð með hliðsjón af raunútgreiðslum fyrri ára. Með slíku yrði stuðlað að fyrirsjáanleika fyrir framleiðendur og tryggð skilvirkni endurgreiðslukerfisins.

Samtökin benda á að stjórnvöld hafa á síðustu árum dregið verulega úr framlögum í Kvikmyndasjóð og hafa framlög í sjóðinn ekki verið lægri frá árinu 2018. Þessi mikli niðurskurður hefur kerfisbundið dregið úr samkeppnishæfni greinarinnar. Kvikmyndir gegna lykilhlutverki í sjálfsmyndar þjóðarinnar. Þær varðveita tungumál, segja sögur úr íslenskum veruleika og gera menningu landsins sýnilega á alþjóðavettvangi.

Bent er á að í kvikmyndastefnu stjórnvalda er greinin skilgreind sem arðbær, umhverfisvæn og hugvitsdrifin þar sem lögð er áhersla á trausta innviði og öfluga hvata eins og samkeppnishæft endurgreiðslukerfi. Þetta fellur vel að áherslum atvinnustefnu um uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar á Íslandi.



Tillögur að aðgerðum til að styðja við útflutningsvöxt heilsu- og lífvísindaiðnaðar

Heilbrigðistækni- og lífvísindaiðnaðurinn er meðal þeirra greina sem búa yfir hvað mestum vaxtar- og útflutningsmöguleikum, en jafnframt þeim sem þurfa skýrustu og áþreifanlegustu hvata frá stjórnvöldum vegna mun lengri þróunartíma en flest önnur hugverkafyrirtæki, strangra vottunarkrafna og hárrar fjárfestingaþarfar. Til að styðja við útflutningsvöxt greinarinnar er nauðsynlegt að stjórnvöld móti sértækar aðgerðir sem taka mið af þessum sérstöðupáttum.

33. Tryggja þarf að langtímaþróun falli ótvírætt undir R&B stuðningskerfið.

Fjöldi verkefna innan lífvísinda og lyfjaþróunar eru 15–20 ára ferli þar sem umfangsmiklar rannsóknir og klínískar prófanir eru óhjákvæmilegar. Nauðsynlegt er að heimila framlengdar staðfestingar á R&B verkefnum langt umfram þau tímamörk sem nú eru bundin í lögum og reglugerðum, enda þola þessar greinar ekki sömu ramma og hefðbundin, skemmri nýsköpunarverkefni. Jafnframt þarf að tryggja sveigjanleika í skráningu á virðisaukaskattsgrunnskrá til lengri tíma til handa til dæmis fyrirtækjum í lyfjaþróun þar sem þróun tekur mörg ár áður en tekjur skapast.

34. Efla þarf sérhæfðan regluverksstuðning til að auðvelda alþjóðlega markaðssetningu.

Fyrirtæki í heilbrigðistækni og lífvísindum standa frammi fyrir miklum og tæknilegum kröfum, meðal annars vegna CE-merkinga, klínískra rannsókna og alþjóðlegra lyfja- og tækjastaðla. Mikilvægt er að stjórnvöld efla stuðning við þessa þætti, bæti þjónustu stofnana og auki samvinnu við Lyfjastofnun og erlenda eftirlitsaðila. Slíkur stuðningur getur stýtt þróunartíma, dregið úr kostnaði og hraðað leið fyrirtækja út á erlenda markaði.

35. Fjárfesta þarf í innviðum rannsókna- og framleiðslu.

Uppbygging á rannsóknar- og framleiðsluáðstöðu, prófunarrýmum, líftæknisetrum og sameiginlegum aðstöðu- og tækniinnviðum, skapar sterkt vistkerfi sem gerir fyrirtækjum kleift að þróa, prófa og framleiða vörur hér á landi.

36. Tryggja þarf að hvatar til að laða að erlenda stjórnendur og vísindamenn séu í samræmi við alþjóðleg viðmið, enda reiða fyrirtæki í þessum geira sig á mjög sérhæfða sérfræðinga.

Í því skyni er mikilvægt að áréttta það sem fram kemur að ofan varðandi endurskoðun á 79. gr. a. hlutafélagalaga og fella brott bann við veitingu kaupréttta til stjórnar í sprotafyrirtækjum í heilbrigðistækni og lífvísindum. Slíkt bann er séríslenskt og hamlar fyrirtækjum að laða að erlenda stjórnarmenn sem eru oft lykilforsenda fyrir alþjóðavæðingu og fjárfestingum.

37. Tryggja að reglur um tengda aðila hamli ekki fjárfestingum og þróun, enda eru fyrirtæki í lífvísindum sérstaklega háð erlendu fjármagni og samstarfi við alþjóðleg samsteypufyrirtæki.

Núverandi túlkun takmarkana getur haft í för með sér að fyrirtæki sem fá erlenda fjárfesta geti glatað fullum R&B stuðningi vegna eignarhalds, sem dregur úr hvata erlendra aðila til að fjárfesta á Íslandi. Nauðsynlegt er að tryggja að stuðningur fylgi raunverulegum þróunarverkefnum óháð eignarhaldi, þannig að greinin geti haldið áfram að vaxa og skapa verðmæti fyrir íslenskt hagkerfi og að reglur um tengda aðila hamli ekki fjárfestingum og þróun, enda eru fyrirtæki í lífvísindum sérstaklega háð erlendu fjármagni og samstarfi við alþjóðleg samsteypufyrirtæki. Núverandi túlkun takmarkana getur haft í för með sér að fyrirtæki sem fá



erlenda fjárfesta geti glatað fullum R&D stuðningi vegna eignarhalds, sem dregur úr hvata erlendra aðila til að fjárfesta á Íslandi. Nauðsynlegt er að tryggja að stuðningur fylgi raunverulegum þróunarverkefnum óháð eignarhaldi, þannig að greinin geti haldið áfram að vaxa og skapa verðmæti fyrir íslenskt hagkerfi og að reglur um tengda aðila hamli ekki fjárfestingum og þróun, enda eru fyrirtæki í lífvísindum sérstaklega háð erlendu fjármagni og samstarfi við alþjóðleg samsteypufyrirtæki.

38. Gera innlendan markað einnig greiðfærari líf- og heilbrigðistækniyrirtækjum.

Þá ber að hafa í huga að aðgengi líf- og heilbrigðistækniyrirtækja að innlendum markaði er mjög takmarkað þar sem opinber innkaupaferli og innleiðingar í heilbrigðiskerfinu eru bæði hægvirk og ósveigjanleg, auk þess sem skortur er á sérhæfðum samstarfs- og þróunarvettvöngum. Þessar kerfislægu hindranir leiða til veikrar eftirspurnar eftir nýrri tækni og torvelda fyrirtækjum að koma vörum sínum að innanlands, sem knýr þau til að horfa strax til erlendra markaða.

Tillögur að aðgerðum til að styðja við útflutningsvöxt orkuþekkingar og kolefnisstjórnunar

39. Styðja þarf við áframhaldandi uppbyggingu orkuþekkingar hérlendis með áframhaldandi uppbyggingu orkukerfisins.

Með nýtingu endurnýjanlegrar orku hefur skapast verðmæt þekking hér á landi sem hefur nýst í a.m.k. 45 löndum í öllum heimsálfum til uppbyggingar. Þessi þekking varð til vegna nýtingar á vatnsaflí og jarðvarma til húshitunar og raforkuframleiðslu. Með áframhaldandi nýtingu þróast þekkingin sem skapar enn betri grunn útflutnings.

40. Hagsmunagæsla gagnvart ESB.

Regluverk kolefnisstjórnunar er enn í mótun á alþjóðavísu. Evrópa hefur verið í fararbroddi þegar kemur að grænni tækni og því er brýnt að íslensk stjórnvöld hafi áhrif á mótun regluverks þannig að íslenskar lausnir verði gjaldgengar í Evrópu. Hið sama má segja nú þegar ESB mótar sínar áherslur um nýtingu jarðvarma, að íslensk stjórnvöld opni á tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki, bæði hvað varðar tækni og þekkingu.

41. Grænvangur.

Grænvangur er samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs um orkuþekkingu og grænar lausnir. Vettvangurinn var stofnaður árið 2019 og hefur starfið skilað góðum árangri, ekki síst á sviði markaðssetningar orkuþekkingar og grænna lausna. Stjórnvöld eru hvött til þess að nýta Grænvang í meiri mæli til að ná fram markmiðum atvinnustefnu, sér í lagi varðandi útflutningsvöxt orkuþekkingar og kolefnisstjórnunar.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri